

50. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um kornlán til Snæfellsnes sýslu.

1860.
12. sept.

Eptir tilmælum yðar, herra amtmaður, í bréfi 26. júlím. þ. á. hefir dómsmálastjórnin hlutast til um, að keyptar væru 400 tunnur af rúgi, sem eru til greindar í ávísunarsedlum þeim, sem fylgja bréfi þessu; verður korn þetta nú flutt hëðan með skipi, er heitir Anna, og Thurö skipstjóri ræður fyrir, til verzlunarstaðanna Ólafsvíkur og Stykkishólms, og má lána það, fyrir 9½ ríkisdal tunnuna, þeim sveitum í Snæfellsnes sýslu, þar sem mestur er bjargarskortur.

Um leið og dómsmálastjórnin skorar á yður að gæta þess nákvæmlega, að korni þessu, sem hlutaðeigandi verzlunarstjórar úthluta eptir ráðstöfun yfirvaldsins, verði útbýtt á skynsamlegan hátt, skal því við bætt, að þær seinna meir verðið látnir vita nákvæmar um, uppá hverja skilmála lánið verður veitt.

Stjórnin vonar eptir að fá játningu yðar um, að kornið hafi komið til skila, og skýrslu um, hvernig því verður útbýtt.

51. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um styrk handa Þórarni Finnbogasyni til að kaupa fyrir smíðatól.

24. sept.

Í bænarskrá, er hëðan var send innanríkisstjórninni, hefir sýslumaðurinn í Norðurmúlasýslu, Þorsteinn Jónsson kanselíráð, sótt um, að Þórarni Finnbogasyni á Vopnafirði verði veittur styrkur úr almennum sjóði, til þess hann geti leitað sér framfara í járnsmíðs-iðninni, og einkum til þess, að hann geti fengið sér þau smíðatól, er hann þarf á að halda við iðn þessa; hefir síðan innanríkisstjórnin kveðið sig fúsa til, að veita Þórarni hërubil 50 ríkisdala styrk til að kaupa fyrir smíðatól, en óskar á hinn bóginn að fá fyrst vitneskju um, hvaða tól hann þurfi, og hvað af þeim kynni fást á Íslandi, og hvað þau kosti, og um það, hver smíðatól ætti að kaupa hër, að því leyti fëð hrökkur til þess.

1860.

24. sept.

Um leið og dómsmálastjórnin tilkynnir yður þetta, til þess þér kunngjörð það þeim, er hlut á að máli, biður hún yður að útvega og senda hingað skýrslur þær, sem að ofan er á vikið.

26. sept.

52. Opið bréf, viðvíkjandi breyting á tilskipun 28. marz 1855, um sunnu- og helgidagahald á Íslandi.

Vér Friðrik hinn Sjöundi, o. s. frv., Gjörum kunnugt: Eptir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, er fyrir það hefir verið lagt, til opins bréfs, viðvíkjandi breyting á tilskipun 28. marz 1855 um sunnu- og helgidagahald á Íslandi, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið:

Þau störf, skemmtanir og önnur fyrirtæki, sem eptir tilskipun 28. marz 1855 eru eigi leyfileg á sunnu- og helgidögum fyrri en eptir miðdaptan, mega hér eptir eigi heldur fram fara hinn tímann, sem eptir er til kvölds á þessum dögum.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða¹.

26. sept.

53. Opið bréf, um að leggja skatt á tómthús og óbyggðar lóðir í Reykjavík.

Vér Friðrik hinn Sjöundi, o. s. frv., Gjörum kunnugt: Eptir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, er fyrir það hefir verið lagt, til opins bréfs um að leggja skatt á tómthús og óbyggðar lóðir í Reykjavík, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið:

1. gr.

Á hvert tómthús með lóð þeirri, sem því fylgir, í um-

¹) Frumvarp til lagabóðs þessa var lagt fyrir alþingi 1859, og féllst þingið á það óbreytt. sjá Alþ. t. 1859, 364. og 365. bls. og viðbæti A, 3.—6. bls.